

Fundur Foreldrafélags Heyrnarlausra og heyrnardaufra

5. september 2023

Mættir: Kristín Guðný, Sigga Vala, Valgerður, Björg, Eydís

2. liður

Ræddum um hvernig væri hægt að fá fleiri meðlimi í félagið. Margar hugmyndir komu upp og ákveðið var að byrja á að sanka að okkur efni til þess að setja í bækling. Síðar verður svo rætt hvernig á að deila þessum bæklingi.

3. liður

Næsta mál var heimasíðan og hvað stjórnarmeðlimir vilja uppfæra. Fram kom að best væri að uppfæra strax hverjir eru stjórnarmeðlimir og setja inn þá viðburði sem eru fyrirhugaðir. Svo barst umræðan að litunum sem eru á heimasíðunni. Upp kom sú hugmynd að hafa síðuna bláa og hvíta í stíl við merki félagsins.

4. liður

Næsta mál er alþjóðleg vika döff sem fram fer eftir tvær vikur. Sigga Vala kom með þá hugmynd að bóka kertasmiðju hjá Kertagerð Birnu í Ármúla. Sigga Vala ætlar að hafa samband við hana og athuga með kostnað

5. liður

Tillaga að því að halda foreldrakvöld miðvikudaginn 4. Október á einhverjum stað í Reykjavík. Þar verður boðið upp á mat og drykk ásamt fræðslu frá Jenile sem útvegar búnað fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Valgerður, Sigga Vala og Björg hafa tekið að sér að skipuleggja þennan viðburð.

6. liður

Ákveðið var að hafa næsta stjórnarfund 19. september klukkan 17:00

7. liður – Önnur mál

Sigga Vala mun senda Eydísi árskýrslu sem þarf að þýða og senda á ÖBÍ.

Björg ítrekaði við stjórn að mikilvægt væri að mæta á ÖBÍ fundi til þess að fá þá styrki sem þeir veit. Félagið fær bara greitt ef einhver mætir á fundinn frá FSFH.